

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 308/2023

2024/EES/48/11

frá 8. desember 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1195 frá 20. júní 2023 um reglur um einstök atriði og snið upplýsinga sem aðildarríkin skulu láta í té um niðurstöður úr opinberum rannsóknum á tilvikum mengunar af völdum vara eða efna sem eru ekki leyfð til notkunar við lífræna framleiðslu ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1202 frá 21. júní 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 er varðar viðurkenningu á tilteknum eftirlitsfyrirvöldum og eftirlitsaðilum að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54bo (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2325):

„— **32023 R 1202:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1202 frá 21. júní 2023 (Stjtið. ESB L 159, 22.6.2023, bls. 60).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 54bp (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1450):

„54bq. **32023 R 1195:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1195 frá 20. júní 2023 um reglur um einstök atriði og snið upplýsinga sem aðildarríkin skulu láta í té um niðurstöður úr opinberum rannsóknum á tilvikum mengunar af völdum vara eða efna sem eru ekki leyfð til notkunar við lífræna framleiðslu (Stjtið. ESB L 158, 21.6.2023, bls. 65).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2023/1195 og (ESB) 2023/1202, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er gildur á íslensku og norsku.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 158, 21.6.2023, bls. 65.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 159, 22.6.2023, bls. 60.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. desember 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.